

Hlutdeild kvenna í íslensku atvinnulífi

Maí 2009

Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án
skriflegs leyfis Creditinfo Ísland.

Allur réttur áskilinn: © Creditinfo Ísland.



3	Inngangur
4	Lýðfræði
5—6	Stofnendur fyrirtækja: Konur
7—8	Stofnendur fyrirtækja: Bæði kyn
9—10	Konur í rekstri: Hlutdeild
11	Konur í rekstri: Búseta
12—12	Konur í rekstri: Atvinnugreining
13	Konur í rekstri: Stærð fyrirtækja
14—15	Konur í rekstri: Tölur úr ársreikningum
16—17	Konur í rekstri: Alvarleg vanskil
18—20	Konur í rekstri: Staðan í dag
21	Konur í rekstri: Laun
22	Stjórn fyrirtækja: Hlutdeild kvenna
23—25	Stjórn fyrirtækja: Bæði kyn
26	Varamenn í stjórn, prókúruhafar
27	Niðurstaða Creditinfo: Bæði kyn
28	Niðurstaða Creditinfo: Aðrir þættir

FKA—Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að efla hlut kvenna í stjórnnum íslensks atvinnulífs enda verður íslenska þjóðin að nýta mannauð sinn til fulls. Á næstu fjórum árum munu þessir aðilar hvetja til þess og leggja ríka áherslu á að konum í forystusveit íslensks viðskiptalífs verði fjölgað þannig að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40% í lok árs 2013. Með þessu tekur viðskiptalífið sjálft ábyrgð og forystu í þessu brýna hagsmunamáli.

Liður í því samkomulagi að stuðla að aukinni hlutdeild kvenna í atvinnulífinu er árleg úttekt Creditinfo á stöðu mála út þetta tímabil en Creditinfo stóð jafnframt að viðamikilli rannsókn á hlutdeild kvenna eins og hún er við upphaf samkomulags í maí 2009.

Nánar um rannsókn Creditinfo á hlutdeild kvenna í atvinnulífinu:

- Rannsóknin var unnin tímabilið febrúar til apríl 2009
- Markmið rannsóknar var að skoða þátttöku kvenna í íslensku atvinnulífi út frá raungögnum
- Með rannsókn var ætlunin að skoða einkenni fyrirtækja í rekstri kvenna, einkenni fyrirtækja þar sem konur eru í stjórn eða með aðra beina aðkomu. Rannsóknin sýnir samanburð þessara fyrirtækja miðað við samsvarandi skoðun gagna þar sem karlmenn reka fyrirtæki, sitja í stjórn eða hafa aðra beina aðkomu að fyrirtækjarekstrinum. Þá var skoðaður samanburður þeirra fyrirtækja þar sem bæði kyn hafa beina aðkomu að rekstrinum, t.d. með stjórnarsetu.
- Rannsóknin er sú viðamesta sem gerð hefur verið hér á landi og sýna gögn m.a. þróun á hlutdeild kvenna í atvinnulífinu allt að tuttugu ár aftur í tímann.
- Úrtak í rannsókn voru öll fyrirtæki á Íslandi.
- Gögn í rannsókn eru: Upplýsingar úr ársreikningum, upplýsingar um hlutafélagapátttöku, upplýsingar úr þjóðskrá, vanskilaskrá, skattskrá, gagnabanka fjölmiðlaefnis og fleira.


Að rannsókn Creditinfo unnu Anna Hulda Sigurðardóttir greiningarsérfræðingur, Ómar Berg Torfason greiningarsérfræðingur, Jóhannes Ó Stephensen greiningarsérfræðingur, Guðni Tómasson hugbúnaðarsérfræðingur, Sigurður E Levy sviðstjóri vöruþróunar og viðskiptalausna, Magnús Heimisson stórnálafræðingur og Rakel Sveinsdóttir framkvæmdastjóri. Samantekt þessi sýnir helstu niðurstöður þessarar rannsóknar.

Creditinfo á Íslandi, Reykjavík 15.maí 2009.

Kynjaskipting á Íslandi er nokkuð jöfn. Fjöldi einstaklinga sem eru 18 ára eða eldri er í maí 2009 241.089, þar af eru konur 118.495 talsins.

Heildarfjöldi einstaklinga 18 ára og eldri - búsettir á Íslandi, skipting eftir kyni


Kyn	Fjöldi	Hlutfall
KK	122.594	50,9%
KVK	118.495	49,1%
Samtals	241.089	100,0%




Stofnendur fyrirtækja: konur

Síðastliðin ár hefur hlutdeild kvenna sem stofnendur nýrra fyrirtækja aukist jafnt og þétt. Á neðangreindri mynd má sjá að árið 1990 voru konur stofnendur 11% stofnenda. Í fyrra, árið 2008, voru konur stofnendur 21% nýrra fyrirtækja.

Hlutdeild kvenna sem stofnendur fyrirtækja, þróun



Flest fyrirtæki sem konur hafa stofnað eru á sviði verslunar og þjónustu og svo hefur verið síðastliðin tæp 20 ár. Á mynd má sjá þróun miðað við algengustu atvinnugreinar þeirra fyrirtækja sem konur hafa stofnað.




Stofnendur fyrirtækja: bæði kyn


Um þriðjungur íslenskra fyrirtækja hafa verið stofnuð af báðum kynjum, þ.e. stofnendur eru bæði konur og karlmenn. Hlutfallslega hafa fleiri fyrirtæki á landsbyggðinni verið stofnuð af báðum kynjum, eða tæplega 35%. Þetta hlutfall er ríflega 30% á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi starfandi fyrirtækja í fyrirtækjaskrá - skipting eftir kyni stofnenda

Kyn stofnenda	Fjöldi	Hlutfall
KK	14.951	57%
Bæði kyn	8.316	32%
KVK	3.125	12%
Samtals	26.392	100%



Fjöldi starfandi fyrirtækja í fyrirtækjaskrá - skipting eftir kyni stofnenda og höfuðborgarsvæðið/landsbyggðin




Stofnendur fyrirtækja: bæði kyn

Fyrirtæki sem stofnuð eru af báðum kynjum eru ólíklegust til að hætta rekstri. Myndirnar hér á eftir sýna hlutfall fyrirtækja sem voru stofnuð tímabilið 2005 til 2009 en eru hætt starfsemi.

Um 6% fyrirtækja sem karlmenn stofna hætta starfsemi en þetta hlutfall er 4% hjá þeim fyrirtækjum sem konur stofna. Hlutfall fyrirtækja sem hætta í rekstri er lægst þegar stofnendur eru af báðum kynjum, eða 3,7%.

Hlutfall fyrirtækja sem hætta í rekstri, sundurliðað eftir kyni stofnenda



Ef þessi fyrirtæki eru skoðuð betur með tilliti til þess hvers vegna þau hættu starfssemi má einnig sjá að hlutfall þeirra sem hætti starfsemi vegna þess að fyrirtækið fór í greiðsluþrot er lægst hjá þeim fyrirtækjum sem stofnuð voru af báðum kynjum.

Nánari sundurliðun á fyrirtækjum sem hætta í rekstri, sundurliðað eftir kyni stofnenda

Kyn stofnenda	Fjöldi stofnaðra fyrirtækja	Af þeim, fjöldi brottfelldra fyrirtækja		Af þeim, brottfelld vegna greiðsluþrota	
			%		%
Bæði kyn	2.296	84	3,7%	38	1,7%
KVK	1.585	64	4,0%	35	2,2%
KK	7.260	437	6,0%	143	2,0%
Samtals	11.141	585	5,3%	216	1,9%


Konur í rekstri fyrirtækja: hlutdeild

Til að skoða hlutdeild kvenna í rekstri fyrirtækja voru fyrirtæki skoðuð út frá því hvort kona eða karlmaður sé skráður framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Af **30.832** fyrirtækjum á Íslandi eru **24.390** skráð með framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórar - fjöldi og skipting eftir kyni

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Kk	19.887	81,5%
Kvk	4.503	18,5%
Samtals	24.390	100,0%

Hlutföll eru tekin af heildarfjölda fyrirtækja þar sem framkvæmdastjórar eru skráðir.




Meðalaldur framkvæmdastjóra íslenskra fyrirtækja er **48** ár. Meðalaldur kvenna í framkvæmdastjórstöðum er u.þ.b. **47** ár en karla **49** ár.


Fjöldi framkvæmdastjóra - skipting eftir kyni og aldursbili

Flestar konur í framkvæmdastjórstöðum eru á aldrinum 40 - 49 ára eða **1.574**. Hlutfallslega flestar konur sem framkvæmdastjórar eru yngri en 30 ára eða 23% af öllum framkvæmdastjórum á þessu aldursbili.

Rauntölur



Hlutföll




Hlutfall kvenna sem framkvæmdastjórar minnkar eftir aldursþópum

Konur í rekstri fyrirtækja: hlutdeild

Til að sjá betur hvernig hlutdeild kvenna er í samanburði við heildarfjölda einstaklinga, sundurliðað eftir kyni, má skoða hlutdeild framkvæmdastjóra einstaklinga sem eru 18 ára eða eldri.

Framkvæmdastjórar/heild - fjöldi og skipting eftir kyni

Ljósu svæðin sýna heildarfjölda einstaklinga 18 ára og eldri - búsettra á Íslandi - dökku svæðin fjölda framkvæmdastjóra




Fjöldi framkvæmdastjóra - skipting eftir kyni og landshlutum

Landshluti	Kk	Kvk	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	13.836	3.182	17.018
Suðurland	1.375	340	1.715
Norðurland eystra	1.352	265	1.617
Reykjanes	1.093	218	1.311
Vesturland	789	167	956
Austurland	654	124	778
Vestfirðir	468	126	594
Norðurland vestra	320	81	401
Samtals	19.887	4.503	24.390

Hæsta hlutfall kvenna sem framkvæmdastjórar er á Vestfjörðum en þar eru **121** kona í stöðu framkvæmdastjóra eða **21%**.

Lægst er hlutfallið á Austurlandi, þar eru **123** konur í stöðu framkvæmdastjóra eða **16,4%**.

Hlutfall kynja sem framkvæmdastjórar - skipting eftir landshlutum



Konur í rekstri fyrirtækja: atvinnugreining


Fjöldi framkvæmdastjóra fyrirtækja - skipting eftir starfsemi og kyni

Flestar konur eru framkvæmdarstjórar í Heild- og smásöluverslun eða **986** konur, en konur eru hlutfallslega fleiri en karlar sem framkvæmdastjórar hjá fyrirtækjum í atvinnugreininni félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi eða **55,6%** framkvæmdastjóra slíkra fyrirtækja.

Atvinnugrein	Kk	%	Kvk	%	Samtals
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	2.893	74,6%	986	25,4%	3.879
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	3.179	92,3%	266	7,7%	3.445
Fasteignaviðskipti	2.538	84,5%	467	15,5%	3.005
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	1.884	78,4%	519	21,6%	2.403
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	1.842	86,4%	289	13,6%	2.131
Framleiðsla	1.465	87,1%	217	12,9%	1.682
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1.297	87,3%	189	12,7%	1.486
Upplýsingar og fjarskipti	1.154	84,4%	213	15,6%	1.367
Rekstur gististaða og veitingarekstur	687	69,9%	296	30,1%	983
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	692	80,7%	166	19,3%	858
Flutningar og geymsla	651	88,9%	81	11,1%	732
Heilbrigðis og félagsþjónusta	447	65,7%	233	34,3%	680
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	206	44,4%	258	55,6%	464
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	313	69,9%	135	30,1%	448
Óþekkt starfsemi	360	85,5%	61	14,5%	421
Fræðslustarfsemi	161	59,0%	112	41,0%	273
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	47	85,5%	8	14,5%	55
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	50	90,9%	5	9,1%	55
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	18	90,0%	2	10,0%	20
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar	3	100,0%		0,0%	3
Samtals	19.887	81,5%	4.503	18,5%	24.390

Hlutfall kynja í stöðu framkvæmdastjóra, skipting eftir algengustu atvinnugreinum.

Hlutfeld kvenna sem framkvæmdarstjórar fjölmennustu atvinnugreina íslenskra fyrirtækja er allt frá tæpum **8%** í rúmlega **25%**.



Konur í rekstri fyrirtækja: atvinnugreining

Algengustu tegundir fyrirtækja þar sem konur eru framkvæmdastjórar í viðkomandi flokkum

Heild og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum

Starfsemi	Fjöldi
Blönduð heildverslun	158
Smásala á fatnaði í sérverslunum	143
Önnur smásala á nýjum vörum í sérverslunum	109
Blönduð smásala með matvöru, tóbak eða drykkjarvörur sem aðalvörur	64
Smásala á blómum, plöntum, fræjum, áburði, gæludýrum og gæludýrafóðri í sérverslunum	49
Heildverslun með aðrar vörur til heimilisnota	44
Heildverslun með fatnað og skófatnað	36
Heildverslun með ilmvötn og snyrtivörur	30
Bílaviðgerðir og viðhald	24
Smásala á húsgögnum, ljósabúnaði og öðrum ótöldum heimilisbúnaði í sérverslunum	20
Önnur blönduð smásala	18
Heildverslun með fisk og önnur matvæli	18
Önnur smásala á matvælum í sérverslunum	17
Heildverslun með timbur, byggingarefni og hreinlætistæki	17
Smásala á textílörum í sérverslunum	17
Smásala á skófatnaði og leðurörum í sérverslunum	16
Heildverslun með lyf og lækningavörur	16
Smásala á úrum og skartgripum í sérverslunum	14
Smásala á snyrtivörum og sápum í sérverslunum	13
Heildverslun með húsgögn, teppi og ljósabúnað	12
Smásala póstverslana eða um Netið	12

Fasteignaviðskipti

Starfsemi	Fjöldi
Fasteignaleiga	394
Fasteignamiðlun	32
Kaup og sala á eigin fasteignum	23

Fasteignarekstur gegn þóknun eða samkvæmt samningi	18
--	----

Framleiðsla

Starfsemi	Fjöldi
Fiskvinnsla; vinnsla krabbadýra og lindýra	23
Framleiðsla á tilbúinni spunavöru annarri en fatnaði	13
Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga	12
Önnur ótalin framleiðsla	12
Framleiðsla á öðrum fatnaði og fylgihlutum	12
Vélvinnsla málma	11
Framleiðsla á brauði, nýju sætabrauði og kökum	8
Skartgripasmíði og skyld framleiðsla	8
Önnur prentun	7

Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi

Starfsemi	Fjöldi
Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	98
Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf	93
Auglýsingastofur	55
Önnur ótalin sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	54
Sérhæfð hönnun	42
Lögfræðipjónusta	40
Starfsemi arkitekta og skyld tæknileg ráðgjöf	38
Verkfræðistarfsemi og skyld tæknileg ráðgjöf	25
Ljósmyndapjónusta	22
Þýðingar- og túlkunarþjónusta	11
Dýralækningar	10
Aðrar rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og verkfræ	9
Auglýsingamiðlun	8
Starfsemi höfuðstöðva	4
Rannsóknir og þróunarstarf í líftækni	3
Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	3
Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir	2
Almannatengsl	2

Rekstur gististaða og veitingarekstur

Starfsemi	Fjöldi
Veitingastaðir	160
Hótel og gistiheimili	89
Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.	31
Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða	9
Önnur ótalin veitingaþjónusta	3
Önnur gistiaðstaða	2
Veisluþjónusta	2

Fjármála- og váttryggingastarfsemi

Starfsemi	Fjöldi
Starfsemi eignarhaldsfélaga	257
Önnur ótalin fjármálaþjónusta, þó ekki váttryggingafélög og lífeyrissjóði	8
Starfsemi við miðlun verðbréfa og hrávörusamninga	5
Önnur starfsemi tengd váttryggingum og lífeyrissjóðum	5
Fjárvörslusjóðir, sjóðir og önnur sérhæfð fjársýslufélög	4
Önnur ótalin starfsemi tengd fjármálaþjónustu, þó ekki váttryggingafélögum og lífeyrissjóðum	3
Lífeyrissjóðir	3
Starfsemi umboðsmanna og miðlara í váttryggingum	2
Áhættu- og tjónamat	1
Önnur fjármálafyrirtæki	1

Konur í rekstri fyrirtækja: stærð fyrirtækja


Því stærri sem fyrirtæki eru, því minni hlutdeild hafa konur sem framkvæmdastjórar. Hlutdeild kvenna sem framkvæmdastjórar fyrirtækja sem áttu fimmhundruð milljónir eða meir í eignum í árslok 2007 er 9%, en hlutdeild karlmannna sem framkvæmdastjórar fyrirtækja í þessari stærð er 91%.

Mesta hlutdeild kvenna mælist í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, stærðarflokkum 1 og 2.

Stærðarflokkar	
1	Eignir: 0 - 5.000 þ.kr.
2	Eignir: 5.001 - 20.000 þ.kr.
3	Eignir: 20.001 - 50.000 þ.kr.
4	Eignir: 50.001 - 100.000 þ.kr.
5	Eignir: 100.001 - 500.000 þ.kr.
6	Eignir: >500.000 þ.kr.

Við skiptingu fyrirtækja eftir stærðarflokkum er stuðst við eignir samkvæmt síðasta fyrirbyggjandi ársreikningi.

Fjöldi og hlutfall karla /kvenna framkvæmdastjórar fyrirtækja, skipting eftir stærðarflokkum fyrirtækja



Stærðarflokkar	KK fjöldi	KK %	KVK fjöldi	KVK %
1	6.034	78%	1.668	22%
2	3.903	81%	938	19%
3	2.444	85%	448	15%
4	1.341	85%	246	15%
5	1.725	90%	209	10%
6	990	91%	107	9%
Ekki tilgreint	3.450	80%	887	20%
Samtals	19.887	82%	4.503	18%


Konur í rekstri fyrirtækja: tölur úr ársreikningum

Tölur úr ársreikningum sýna að einkenni fyrirtækja sem konur reka eru ekki frábrugðin einkennum fyrirtækja þar sem karlmenn eru framkvæmdastjórar. Afkomudreifing sýnir sams konar mynstur á milli kynja þó að konur séu mun færri rekstraraðilar í öllum tilvikum.


Arðsemi eigin fjár sýnir hve eigendur hagnast mikið á rekstri fyrirtækisins. Arðsemi eigin fjár mælist meiri í fyrirtækjum þar sem konur eru skráðir framkvæmdastjórar. Aðeins eru tekin þau fyrirtæki sem hafa meira en eina milljón í eigið fé og hafa skilað árreikningi fyrir árið 2007 eða 2008. Tölur úr nýjasta fyrirbyggjandi ársreikningi eru notaðar.

Arðsemi eigin fjár mælist í nýjustu gögnum 35% í fyrirtækjum þar sem konur eru framkvæmdastjórar en rúmlega 29% þar sem karlmenn eru framkvæmdastjórar.

Afkomubíll fyrirtækja / arðsemi eigin fjár - sundurliðað eftir kyni framkvæmdastjóra



Arðsemi eigin-fjár




Konur í rekstri fyrirtækja: tölur úr ársreikningum

Arðsemi eigin fjár fyrirtækja sem konur reka mælist hærrí í 6 atvinnugreinum af 16 (byggingastarfsemi, fjármálastarfsemi, flutnings- og geymsla, framleiðsla, verslun, rekstur gististaða og veitingastaða). Fjöldi þessara fyrirtækja er samt mun færri í samanburði við fjölda sambærilegra fyrirtækja sem karlmenn reka.

Sundurliðun eftir kyni framkvæmdastjóra og atvinnugrein

Atvinnugrein	KK		KVK	
	Fjöldi ársreikninga	Meðal- Arðsemi eigin fjár	Fjöldi ársreikninga	Meðal- Arðsemi eigin fjár
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	1.139	44,7%	74	60,6%
Fasteignaviðskipti	942	24,8%	173	17,3%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	56	47,8%	55	44,5%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	682	-13,1%	98	27,7%
Flutningar og geymsla	242	33,1%	22	46,7%
Framleiðsla	651	25,7%	67	38,1%
Fræðslustarfsemi	53	33,6%	30	2,8%
Heilbrigðis og félagsþjónusta	268	63,1%	101	54,0%
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	989	25,2%	221	34,7%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	473	24,8%	71	12,8%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	208	44,8%	46	29,3%
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	86	35,8%	35	18,7%
Önnur starfsemi	106	18,8%	12	-4,8%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	178	54,0%	63	65,5%
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	718	45,8%	165	40,5%
Upplýsingar og fjarskipti	338	10,8%	50	30,3%
Samtals	7.129	29,3%	1.283	34,8%


Þó að arðsemi eigin fjár mælist meir hjá fyrirtækjum sem konur reka, mælast þetta þó mjög fá fyrirtæki í samanburði við fjölda fyrirtækja sem karlmenn reka og sýna sömu niðurstöðu um arðsemi eigin fjár.



Konur í rekstri fyrirtækja: alvarleg vanskil

Fyrirtæki eru ólíklegri til að lenda í alvarlegum vanskilum ef framkvæmdastjóri fyrirtækisins er kona. Ríflega 14% fyrirtækja þar sem karlmenn eru framkvæmdastjórar eru skráð á vanskilaskrá en tæplega 13% fyrirtækja þar sem konur eru framkvæmdastjórar.

Hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá þar sem konur/karlmenn eru framkvæmdastjórar




Aldur framkvæmdastjóra og kyn

Hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá er hæst í þeim flokki þar sem framkvæmdastjórinn er undir 30 ára aldri. Sá flokkur fyrirtækja er einnig sá eini þar sem hlutfallslega fleiri fyrirtæki eru á vanskilaskrá þar sem kona er framkvæmdastjóri.

Aldursbil framkvæmdastjóra	Kyn frkv.stj		Samtals
	KK	KVK	
<30	130	42	172
30-39	691	151	842
40-49	952	197	1.149
50-60	772	142	914
>60	264	35	299
Samtals	2.809	567	3.376

Taflan sýnir fjölda fyrirtækja á vanskilaskrá, sundurliðað eftir kyni og aldursbili framkvæmdastjóra

Hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá - skipting eftir aldri og kyni framkvæmdastjóra.



42 eða **18,2%** fyrirtækja eru á vanskilaskrá þar sem kona yngri en 30 ára er framkvæmdastjóri.

Áberandi tengsl eru á milli aldurs framkvæmdastjóra og hlutfalls fyrirtækja á vanskilaskrá.

Konur í rekstri fyrirtækja: alvarleg vanskil


Fjöldi fyrirtækja á vanskilaskrá skipting eftir kyni framkvæmdastjóra og stærðarflokki fyrirtækja.

Stærðarflokkar fyrirtækja	Kyn framkv.stj.		Samtals
	KK	KVK	
1	753	159	912
2	485	123	608
3	305	51	356
4	172	23	195
5	178	18	196
6	86	5	91
Ekki tilgreint	830	188	1.018
Samtals	2.809	567	3.376

Taflan sýnir fjölda fyrirtækja á vanskilaskrá, sundurliðað eftir kyni framkvæmdastjóra og stærðarflokkum fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá - skipting eftir kyni framkvæmdastjóra og stærðarflokka fyrirtækja


Í öllum nema einum stærðarflokki eru hlutfallslega færri fyrirtæki á vanskilaskrá þar sem konur eru framkvæmdastjórar. Mesta muninn á milli kynja er að sjá hjá stærstu fyrirtækjunum.





Konur í rekstri fyrirtækja: staðan í dag

Þegar fyrirtæki sem konur reka eru skoðuð út frá áhættuflokkum má sjá að dreifing þessara fyrirtækja er ekki ósvipuð þeirri dreifingu sem fyrirtæki rekin af karlmönnum sýnir. Með CIP áhættumati er hægt að skoða stöðu reksturs fyrirtækja út frá gögnum sem uppfærast daglega. Fyrirtæki á vanskilaskrá og/eða fyrirtæki sem ekki hafa skilað inn nægum upplýsingum sl. ár (s.s. ársreikningum) eru ekki áhættumetin í CIP flokk.

Fjöldi fyrirtækja, skipting eftir kyni framkvæmdastjóra og CIP áhættuflokkum




CIP áhættumatið metur styrkleika fyrirtækja t.d. með tilliti til lánshæfi. Fjöldi fyrirtækja í áhættuminnsta flokk eru þá fyrirtæki í flokki 1, áhættumestu fyrirtækin í flokki 10.



Konur í rekstri fyrirtækja: staðan í dag


Creditinfo spáir að **3.300** fyrirtæki lendi í greiðsluþroti á næstu 12 mánuðum miðað við óbreyttar aðstæður. Með greiðsluþroti er átt við fyrirtæki sem fara í gjaldþrotaskipti eða fá á sig skráningu um ógjaldfærni, þ.e. greiðslugeta til að greiða skuldir er ekki fyrir hendi. Af þessum fyrirtækjum eru **610** fyrirtæki sem konur reka.

Fjöldi fyrirtækja, skipting eftir kyni framkvæmdastjóra
CIP spá og hlutfall fyrirtækja sem mun lenda í greiðsluþroti miðað við
óbreyttar aðstæður, tímabil innan 12 mánaða



Hlutfall fyrirtækja sem lenda í greiðsluþroti á næstu 12 mánuðum skv. CIP
spá, skipting eftir aldri og kyni framkvæmdastjóra


Hlutfall fyrirtækja sem lenda í greiðsluþroti á næstu 12 mánuðum er mjög svipað á milli kynja en hlutfallslega færri fyrirtæki fara í greiðsluþrot hjá eldri framkvæmdastjórum.



Konur í rekstri fyrirtækja: staðan í dag

Af þeim fyrirtækjum sem fóru í greiðsluþrot á tímabilinu janúar - apríl 2009 voru um **17,1%** þeirra með konu sem framkvæmdastjóra. Þetta þýðir að af þeim **580** fyrirtækjum sem fóru í greiðsluþrot fyrstu fjóra mánuði ársins voru **99** þeirra með konu sem framkvæmdastjóra. Þriðjungur þeirra fyrirtækja störfuðu á sviði verslunar og þjónustu.


Fyrirtæki sem fóru í greiðsluþrot jan - apríl 2009 þar sem skráður er framkvæmdastjóri. Hlutföll KK og KVK sem framkvæmdastjórar.



Greiðsluþrot - jan - mars 09 skipting eftir kyni framkvæmdastjóra og atvinnugrein


KK

- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum
- Fasteignaviðskipti
- Framleiðsla
- Rekstur gististaða og veitingarekstur
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi
- Önnur starfsemi



KVK

- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum
- Fasteignaviðskipti
- Framleiðsla
- Rekstur gististaða og veitingarekstur
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi
- Önnur starfsemi



Konur í rekstri fyrirtækja: laun


Launaupplýsingar þarf að taka með þeim fyrirvara að aðeins er hægt að lesa úr skattskrár ársins 2007 miðað við kynjaskiptingu launa hjá framkvæmdastjórum. Ef þessar upplýsingar eru uppfærðar miðað við launavísitölu má sjá að gera má ráð fyrir að launamismunur kvenna og karla sem framkvæmdastjórar sé um þriðjungur, þ.e. karlkynsframkvæmdastjórar eru með tæplega 32% hærri laun en konur sem eru framkvæmdastjórar. Aðeins eru skoðuð laun framkvæmdastjóra sem skráðir eru með 250 þúsund í mánaðarlaun eða hærri.

Ef laun eru sundurliðuð eftir aldri má sjá að 4% karlkynsframkvæmdastjóra yngri en þrítugt eru með 800 þúsund krónur eða hærri laun á mánuði en engin kona á því aldursbili nær þeim launum.



Mánaðarlaun eru reiknuð miðað við uppgefin árslaun einstaklinga.

Creditinfo hefur upplýsingar um árslaun 14.550 framkvæmdastjóra

Kyn frkv.	Fjöldi	Meðal- mánaðarlaun
KK	12.786	655.177 kr.
KVK	1.764	497.301 kr.
Samtals	14.550	636.036 kr.



Konur/karlar sem framkvæmdastjórar - skipting eftir launaflokkum og aldri.



Stjórn fyrirtækja: hlutdeild kvenna


Í tæplega 71% íslenskra fyrirtækja sitja eingöngu karlmenn í stjórnun en hlutfall fyrirtækja þar sem aðeins konur sitja í stjórn er ríflega 14%. Mikill munur er á kynjahlutdeild kvenna sem framkvæmdastjórnar eftir því hvort stjórnarmenn eru eingöngu konur, eingöngu karlar eða bæði kyn.

Í 74,9% fyrirtækja þar sem allir stjórnarmeðlimir (varamenn ekki meðtaldir) eru konur, eru konur einnig framkvæmdastjórnar.

Konur eru hins vegar framkvæmdastjórnar í 5% þeirra fyrirtækja þar sem eingöngu karlmenn sitja í stjórn. Konur eru hins vegar framkvæmdastjórnar ríflega 27% þeirra fyrirtækja þar sem bæði kyn sitja í stjórn.

Kynjaskipting í stjórnun	Fjöldi	
	fyrirtækja	Hlutfall
Eingöngu karlmenn	21.490	70,8%
Bæði kyn	4.572	15,1%
Eingöngu konur	4.275	14,1%
Samtals	30.337	100,0%


Hlutfall kk/kvk sem framkvæmdastjórnar fyrirtækja - skipting eftir kynjaskiptingu í stjórn.




Stjórn fyrirtækja: bæði kyn

Blandaðar stjórnir eru í um 15% af íslenskum fyrirtækjum og eykst hlutdeild þeirra eftir því sem fyrirtækin eru stærri. Í tæplega fjórðungi stærstu fyrirtækja landsins sitja bæði konur og karlmenn í stjórn.

Kynjaskipting í stjórnnum fyrirtækja -
varamenn ekki meðtaldir




Kynjaskipting í stjórnnum fyrirtækja - skipting eftir stærðarflokkum fyrirtækja




Stjórn fyrirtækja: bæði kyn

Fyrirtæki þar sem bæði kyn eru í stjórn eru ólíklegri til að lenda í alvarlegum vanskilum en þau fyrirtæki þar sem eingöngu sitja karlmenn eða eingöngu konur. Þegar áhættuflokkar fyrirtækja eru skoðaðir má sjá að styrkleikar fyrirtækja með báðum kynjum í stjórn kemur best út (sjá neðri mynd).

Hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá - sundurliðun eftir kynjaskiptingu í stjórn



Kynjaskipting í stjórnnum fyrirtækja - sundurliðun eftir CIP - áhættuflokkum fyrirtækja




Stjórn fyrirtækja: bæði kyn


Þegar staða fyrirtækja í dag er skoðuð út frá spám um greiðsluþrot innan næstu 12 mánaða, miðað við óbreyttar aðstæður, má sjá að minni líkur eru á greiðsluþroti þeirra fyrirtækja þar sem bæði kyn sitja í stjórn.

Samsvarandi mynd má sjá hjá þeim fyrirtækjum sem þegar eru skráð á vanskilaskrá. Þar er lægsta hlutfall þeirra fyrirtækja þar sem bæði kyn eru í stjórn.

Hlutfall fyrirtækja sem verða ógjaldfær innan 12 mánaða miðað við óbreytt ástand. Sundurliðun eftir kynjaskiptingu í stjórn (varamenn ekki meðtaldir)



Hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá, sundurliðað eftir kynjaskiptingu í stjórn (varamenn ekki meðtaldir). Eingöngu fyrirtæki með fleiri en 1 einstakling í stjórn.




Varamenn í stjórn

Á Íslandi er hlutdeild kvenna algeng í kringum 20% ef litið er til þátttöku þeirra í atvinnulífinu sem framkvæmdastjórnar, stjórnarformenn, stjórnarmenn, prókúruhafar o.s.frv.


Undantekning á þessu eru varamenn í stjórn en þar er hlutdeild kvenna 51%.

Fjöldi karla/kvenna sundurliðun eftir hlutafélagabátttöku



Hlutfall fyrirtækja á vanskilaskrá, sundurliðað eftir kyni prókúruhafa.


Ekki liggja fyrir upplýsingar um skuldir fyrirtækja en til að skuldbinda fyrirtæki, s.s. með lánaþyrirgreiðslu, þarf viðkomandi einstaklingur að vera skráður með prókúru. Minni líkur eru á því að fyrirtæki lendi í alvarlegum vanskilum ef bæði kyn eru skráð með prókúru.



Niðurstöður Creditinfo: Bæði kyn


Niðurstaða Creditinfo er sú að til að auka hlutdeild kvenna í atvinnulífinu sé fyrsta skrefið í því að auka hlutdeild kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Með blönduðum stjórnnum eru meiri líkur á að hlutdeild kvenna aukist í rekstri fyrirtækja (framkvæmdastjórar) auk þess sem blandaðar stjórnir koma betur út með tilliti til t.d. arðsemi eigin fjár eða minni líkur á vanskilum.

Á Íslandi er algengt að aðeins sé skráður einn einstaklingur í stjórn og síðan varamaður eða varamenn. Þetta á við í ríflega 65% íslenskra fyrirtækja. Greining á styrkleikum fyrirtækja í CIP áhættumat Creditinfo hefur þó sýnt að fyrirtæki með fleiri en einn í stjórn mælast áhættuminni í rekstri og eru einnig líklegri til að lenda í eignarmeiri stærðarflokkum. Með tilliti til hlutdeildar kvenna sem varamenn í stjórn er því líklegt að hægt sé að auka hlutdeild kvenna í stjórnnum fyrirtækja um leið og fyrirtæki eru styrkt með því að fjölga stjórnarmeðlimum.



Í 10.580 (34,8%) fyrirtækja eru fleiri en einn stjórnarmaður

Kyn stjórnarmanna	Fjöldi fyrirtækja	Hlutfall
Bæði kyn	4.574	43,2%
Eingöngu karlmenn	5.628	53,2%
Eingöngu konur	378	3,6%
Samtals	10.580	100,0%




Arðsemi eigin fjár eftir kynjaskiptingu í stjórn þar sem eru fleiri en 1 stjórnarmaður

Ef arðsemi eigin fjár er skoðuð í fyrirtækjum með fleiri en einn í stjórn mælist arðsemi eigin fjár 32% þar sem eingöngu sitja konur í stjórn. Aðeins eru tekin fyrirtæki með skráða eign milljón eða meir.

Þetta eru hins vegar mjög fá fyrirtæki, eða aðeins **378** talsins. Bæði kyn sitja hins vegar í stjórnnum **4.572** fyrirtækja og mælist arðsemi eigin fjár í þeirra rekstri 23%,.


Þetta er mun hærri en arðsemi eigin fjár í fyrirtækjum með fleiri en einn í stjórn, en eingöngu karlkynsstjórnarmenn.



Þegar hlutdeild kvenna í atvinnulífinu er skoðuð má einnig benda á ýmsa aðra samfélagslega þætti sem skýringu á niðurstöðum. Þannig sýna fyrri mælingar Creditinfo á hlutdeild kvenna sem viðmælendur í fjölmiðlum er um 20%. Sem dæmi má nefna að í mælingu á kynjaskiptingu viðmælenda í ljósvakafréttum árið 2008 sýndu niðurstöður að karlynsviðmælendur voru 1.475 talsins, eða 78% allra viðmælenda í fréttum. Konur sem viðmælendur voru 454 talsins, eða 22% viðmælenda í fréttum.

Með þessu má benda á að hlutdeild kvenna í fjölmiðlum er í samræmi við hlutdeild þeirra í atvinnulífinu. Algengustu viðmælendur í fjölmiðlum eru stjórnmálamenn. Má því leiða líkur á því að með aukinni þátttöku kvenna í stjórnmálum, aukist hlutdeild kvenna í fjölmiðlum og þar af leiðandi verði hlutur kvenna sýnilegri almenningi og atvinnulífi.

Viðmælendur í ljósvakafréttum 2008, sundurliðað eftir kyni.



Nafnalisti viðmælenda árið 2008, tíðni ummæla.

Tíðni ummæla sýnir hve oft viðkomandi viðmælendi tók til máls í fréttum, óháð því hvort um endurtekningu á ummælum var að ræða á milli fréttatíma.

Viðmælandi	Fjöldi
Geir H. Haarde	685
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	372
Steingrímur J. Sigfússon	249
Björgvin G. Sigurðsson	235
Guðni Ágústsson	160
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	155
Ólafur F. Magnússon	155
Árni M. Mathiesen	144
Össur Skarphéðinsson	141
Vilhjálmur Egilsson	123
Einar K. Guðfinnsson	114
Dagur B. Eggertsson	111
Kristján L. Möller	109
Davíð Oddsson	103
Hanna Birna Kristjánsdóttir	98
Guðjón Arnar Kristjánsson	95
Ögmundur Jónasson	94
Þórunn Sveinbjarnardóttir	93
Guðlaugur Þór Þórðarson	89